

15060.12



Rangárþing ytra  
Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri  
Suðurlandsvegi 1  
850 Hella

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 3. júní 2015  
Tilv.: UMH15060007/

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um málefni friðlýsta svæðisins Friðlands að fjallabaki. Friðland að fjallabaki var stofnað árið 1979, til verndar einhverra mikilvægustu náttúruminja landsins. Ráðuneytið hefur áhuga á að styrkja stöðu þessa mikilvæga náttúruverndarsvæðis, leita leiða til að efla rekstur þess og láta kanna hvort tækifæri séu til að stækka svæðið. Svæðið að fjallabaki er afar vinsæll áningarstaður ferðamanna og með sí auknum fjölda ferðamanna til landsins hefur verið bent á mikilvægi þess að búa svæðið betur undir komu ferðamanna bæði hvað varðar uppbyggingu innviða og stjórnun.

Ráðuneytið telur rétt að endurskoða mörk svæðisins svo og friðlýsingarskilmálana. Við endurskoðun á mörkum svæðisins er rétt að hafa m.a. í huga verndarflokk rammaáætlunar, náttúruminjaskrá, framtíðaruppbyggingu Laugarvegarins svo og skilvirka stjórnun og rekstur. Þá ber að hafa í huga að Torfajökulssvæðið hefur verið sett á tillögulista ríkisstjórnarinnar um svæði á heimsminjalista UNESCO.

Ráðuneytið gerir tillögu um að í hópnum verði auk fulltrúa ráðuneytisins, fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Náttúrufræðistofnun Íslands og forsætisráðuneytinu.

Starfshópnum verður falið að fjalla um og gera tillögur til ráðherra um málefni Friðlands að fjallabaki og hugsanlegar stækkunar þess, m.a:

- Endurskoðun friðlýsingarskilmála svæðisins þ.m.t. friðlýsingarflokks.
- Að hugsanlegum breytingum á mörkum svæðisins.
- Um stjórnun svæðisins og rekstur til framtíðar.
- Önnur atriði sem hópurinn telur mikilvæg.

Ráðuneytið leggur áherslu á að starfshópurinn hafi samráð við hlutaðeigandi aðila sem tengjast þeim verkefnum sem fjallað er um.

Starfshópnum er ætlað skila fyrstu tillögu sinni til kynningar á Umhverfisþingi 9. október 2015 og fullunninni skýrslu til ráðherra í lok árs 2015.

Er þess hér með óskað að Ragnárþing ytra tilnefni fulltrúa í starfshópinn og að tilnefning berist ráðuneytinu eigi síðar en 15. júní nk.

Ráðuneytið vekur athygli yðar á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðilar bera sjálfir kostnað vegna setu fulltrúa sinna í starfshópnum.

Fyrir hönd ráðherra



Sigríður Auður Arnardóttir